Réttindi til skipulagsgerðar hafa þeir sömu og hafa rétt til að sinna starfi skipulagsfulltrúa.

Skipulagsstofnun gefur út lista yfir þá sem sinna starfi skipulagsfulltrúa og/eða sinna skipulagsgerð. Skipulagsstofnun sendir listann tvisvar á ári til sveitarstjórna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 10. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 17. janúar 2001.

F. h. r.
Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

Nr. 48 17. janúar 2001

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.

1. gr.

Fimmtándi liður í 9. tölulið í fylgiskjali 2 orðast svo:

9.15.	Rekstur aðstöðu í atvinnuskyni, þ.m.t. útleiga rýmis, fyrir hávaðasama starfsemi sem veldur truflun eða óþægindum.	4-5

2. gr.

Nýr liður bætist við 9. tölulið í fylgiskjali 2 og orðast svo:

9.16.	Önnur sambærileg starfsemi.	1-5

3. gr.

Nýr liður bætist við 10. tölulið í fylgiskjali 2 og orðast svo:

10.8	Niðurrif húsa og annarra bygginga.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 17. janúar 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.